

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa hjá Kópavogsbæ

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Kópavogsbæjar og upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Kópavogsbæjar.

2. gr.

Gæsla almannahagsmuna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Kópavogsbæjar. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins, og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu.

3. gr.

Ábyrgð.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart bæjarbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

4. gr.

Háttvísi og valdmörk.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi. Þeim ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Kópavogsbæjar við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram.

5. gr.

Misbeiting valds.

Kjörnir fulltrúar mega ekki beita réttindum eða aðstöðu sem fylgja embætti þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið óbeinna eða beinna persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum að gera það.

6. gr.

Gjafir og fríðindi.

Kjörnir fulltrúar skulu tilkynna forsætisnefnd um allar gjafir sem þeir þiggja vegna stöðu eða starfa sinna. Óheimilt er að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu Kópavogsbæjar, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.



7. gr.

Hagsmunaaðrekstrar.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaaðrekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá bæjarstjórn, bæjarráði, eða í öðru nefndarstarfi fyrir hönd sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd ef vafi getur leikið á um hæfi hans.

Kjörnir fulltrúar sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það.

8. gr.

Ábyrgð í fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa sveitarfélagsins. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á almannafé svo sem einkanotkun á byggingum bæjarins, bílum, tækjum og tólum nema slík notkun falli undir heimildir sem ákveðnar eru af bæjarstjórn.

9. gr.

Stjórnsýslueftirlit

Kjörnir fulltrúar skulu virða stjórnsýslueftirlit hjá Kópavogsbæ og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náist.

10. gr.

Að virða hlutverk starfsmanna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Kópavogsbæjar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

11. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

12. gr.

Bann við að tryggja sér stöður.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki viðhafa neitt í störfum sínum sem hefur það að markmiði að tryggja þeim starfslegan ávinning í framtíðinni, til dæmis í;

- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa haft eftirlit með í störfum sínum.
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa stofnað til samningssambands við í störfum sínum.
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem sett var á laggimar meðan þeir gegndu embætti og samkvæmt því ákvörðunarvaldi sem þeim var falið.

13. gr.

Ráðsmennska

Kjörnir fulltrúar skulu taka fullt tillit til umbjóðenda sinna og veita þeim þá bestu þjónustu sem þeim er unnt. Þetta felur m.a. í sér að;

- leysa verkefni eftir bestu getu á sem skemmstum tíma hvort sem verkefnin eru stoðverkefni milli sviða, verkefni nefnda eða bein úrlausn fyrir bæjarbúa.
- virða einkalíf með þagmælsku um persónulega hagi og aðrar upplýsingar sem viðkomandi kann að áskotnast í störfum sínum fyrir bæjarfélagið.
- upplýsa þá sem það á við um réttindi þeirra, skyldur og úrræði til lausnar verkefna og vandamála.
- virða og verja rétt einstaklinga til sjálfsákvörðunar eins og mögulegt er.

14. gr.

Málsmeðferð vegna ætlaðs brots

Forsætisnefnd sker úr um hvort siðareglur þessar hafi verið brotnar. Leiki grunur á að kjörinn fulltrúi hafi brotið ákvæði reglnanna tekur forsætisnefnd málið til umfjöllunar, að eigin frumkvæði eða á grundvelli skriflegar rökstuddrar ábendingar. Niðurstaða forsætisnefndar skal kynnt á fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar. Telji nefndin að um brot sé að ræða getur hún lagt til að forseti bæjarstjórnar áviti viðkomandi vegna brotsins.

15. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, embættismanna og almennings

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Siðareglur Kópavogsbæjar á hverjum tíma skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 27. janúar 2015.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
12.2.2015